



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

50
ÁRA
1969 2019



ÁRSSKÝRSLA 2019

EFNI

Skýrsla til mennta- og menningarmálaráðuneytis um
starfsemina 2019

Már Vilhjálmsson
rektor

Ársskýrsla Menntaskólans við Sund fyrir árið 2019 er gerð í samræmi við leiðbeiningar Mennta- og menningarmálaráðuneytis eins og þær birtust í fjárveitingabréfi 2020 og tekur á þáttum eins og árangri af markmiðssetningu í stefnumótunarskjali skólans til næstu þriggja ára. Fjallað er um stöðu árangursmælikvarða, framvindu og ávinningi af áhersluverkefnum. Einnig er fjallað um fjárhagslega afkomu skólans, ársreikninga og hvernig starfseminni var háttað árið 2019. Þar er komið inn á almenna starfsemi skólans, kjarnastarfsemi, rekstrarþætti sem og aðrar áherslur eins og þær birtust í þriggja ára stefnumótunarskjali skólans.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
Starfsfólk Menntaskólans við Sund árið 2019	5
Menntun kennara MS 2019.....	5
Nemendur MS árið 2019	6
Námsframboð og skipting nemenda á brautir og námslínur árið 2019.....	9
Kennsla námsgreina og hlutfall þeirra í heildarkennslumagni	10
Vetrarönn 2019.....	10
Vorönn 2019	11
Haustönn 2019.....	12
Hópanýting.....	12
Árangur af markmiðssetningu í stefnumótunarskjali MS	13
Umhverfismál	13
Brotthvarf.....	14
Útskriftarhlutfall.....	14
Sjálfsmat	15
Fjárhagsleg afkoma og ársreikningur	15
Lokaorð	17

innritunarárgangi hafa gengið eftir og markmið um skilvirkni kerfisins eins og meðalfjölda lokinna eininga á hvern nemanda hafa staðist og gott betur. Markmið um betri hópanýtingu hafa gengið eftir og þannig hefur skapast mun hagkvæmara rekstrarumhverfi en var á tímum bekkjarkerfisins. Síðustu tvö til þrjú árin hefur hópanýting í MS verið eins góð og hægt er. Eitt af verkefnum skólans næstu árin er að reyna að halda nýtingunni áfram álíka góðri.

Leiðirnar til þess að láta hin faglegu og rekstrarlegu áform ganga upp hafa þó breyst töluvert síðustu tvö árin. Miklar breytingar hafa orðið á skilvirkni skólans á sama tíma og það hafa verið gerðar miklar breytingar á reiknilíkani framhaldsskóla og viðmið varðandi loknar námseiningar og fjölda nemenda varðandi uppgjör til ráðuneytis hafa einnig breyst umtalsvert frá því að námskrá skólans var samþykkt. Á sama tíma var tekin ákvörðun að fylgja ekki eftir einu helsta markmiði ríkisins með viðbyggingu við skólann sem fól í sér að geta fjölgað nemendum við MS samhliða því að aðstaðan var stórbætt. Allt hefur þetta orðið til þess að árlega hefur þurft að endurskoða verulega forsendur rekstrarþátta í þriggja ára stefnuskjali skólans eins og sést þegar skjölin frá 7.11.2018 og 29.11.2019 eru borin saman. Meiri festa er hins vegar í stefnu og aðgerðum varðandi hina faglegu þætti eins og sjá má í áður umræddum skjölum.



Mynd 2 Menntaskólinn við Sund 50 ára en síungur

Starfsfólk Menntaskólans við Sund árið 2019

Stærsti hluti mannaráðninga á sér stað fyrir upphaf hvers skólaárs. Þá er líka gengið frá ramma kennsluskiptingar fyrir allt skólaárið, ráðnir eru verkefnastjórar fyrir hvert skólaár og svo framvegis. Við upphaf skólaársins 2018-2019 voru starfsmenn alls 67 en heildarfjöldinn breyttist nokkuð á milli anna og var að meðaltali tæplega 70 starfsmenn skólaárið 2018-2019 (8 Sjá töflu 10).

Starfsfólk skólaárið 2018 - 2019			
	Haust 2018	Vetur 2018	Vor 2019
Kennarar	50	51	52
Þjónustusvið	13	13	12
Námsorlof	2	2	2
Fæðingarorlof		1	
Veikindaleyfi	1	3	2
Leyfi	1	2	2
Samtals	67	72	70

Tafla 1 Starfsfólk MS skólaárið 2018-2019.

Eins og sést í töflu 1 settu veikindi starfsfólks strik í reikninginn. Sé horft á skólaárið í heildina voru að meðaltali tveir starfsmenn í fullu starfi fjarri frá vinnu vegna veikinda. Tveir kennarar voru í námsorlofi þetta ár og einn starfsmaður var í fæðingarorlofi á vetrarönninni. Í launalausú leyfi voru tveir starfsmenn stærsta hluta skólaársins. Engin breyting var gerð á skipulagi þjónustusviðs þetta skólaár og engin breyting varð á fjölda stöðugilda þar en hjá kennurum voru stöðugildi 48. Karlar voru í ríflega 13 stöðugildum en konur voru alls í tæpum 35 stöðugildum.

Menntun kennara MS 2019

Kennarar MS eru vel menntaðir. Þegar allir kennarar 2019 eru teknir til skoðunar kemur í ljós að af 56 einstaklingum er mikill meirihluti kennara MS með framhaldsmenntun á háskólastigi auk kennsluréttinda. Í töflu 2 má sjá skiptingu kennarahópsins haustið 2019 raðað eftir menntunarstigi.

<i>Menntun kennara haust 2019</i>	
Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	6
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	34
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	16
Háskólapróf án kennsluréttinda	0
	56

Tafla 2 Menntun kennara við MS árið 2019

Hér sést að 40 kennarar af alls 56 eru með mastergráðu eða hærri menntunargráðu og þar af eru all nokkrir sem hafa lokið framhaldsnámi á háskólastigi í fleiri en einni grein. Starfsaldur kennara við MS var árið 2019 heldur lægri en verið hafði nokkur undanfarin ár og skýrist það fyrst og fremst af því að

ungt vel menntað fólk sækir í meira mæli í störf við kennslu og kynslóðarskipti eru að verða í nokkrum námsgreinum. Í MS, eins og í öðrum framhaldsskólum, eru konur í meirihluta við kennslu og hefur hlutfall þeirra í heildarkennslumagni heldur farið vaxandi síðustu árin.

Nemendur MS árið 2019

Nemendafjöldi við skólann við upphaf skólaársins 2018-2019 var nokkru lægri en verið hafði um all langt skeið. Ástæðan var sú að með breytingu á námskrá skólans, reglum hans og upptöku á nýju þriggja anna kerfi óx skilvirknin umfram áætlanir. Nemendur stóðu sig betur en áætlanir gerðu ráð fyrir og luku fleiri einingum að meðaltali. Brotthvarf var minna en við gerðum ráð fyrir og hlutfall þeirra sem héldu áfram námi við MS var hátt. Allt varð þetta til þess að árið 2018 skilaði skólinn mun fleiri ársnemendum en fjárveitingar voru fyrir, þrátt fyrir það að fækkað hafði frekar í skólanum en fjölgað. Menntaskólanum við Sund var því gert að lækka launakostnað og eina færa leiðin til þess var að fækka nemendum við skólann umtalsvert á milli skólaára (sjá töflu 3.)

Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust 2015–2019.

2015		2016		2017			2018			2019		
Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vetur	Vor	Haust	Vetur	Vor	Haust	Vetur
699	733	724	781	774	768	736	739	653	630	629	694	670

Tafla 3 Fjöldi nemenda í MS 2015-2019.

Eins og sést í töflu 3 voru haustið 2017 alls 768 nemendur sem hófu nám við MS en árið eftir, haustið 2018 voru þeir 113 færri eða 653, þrátt fyrir metaðsóknað að skólanum. Inntakan haustið 2018 miðaðist við að stilla af nemendafjölda þannig að árlegur ársnemendafjöldi yrði eins nærri heimild skólans og hægt væri þar sem ekki reyndist unnt að reka skólann með 80 til 90 ársnemendum umfram heimild þó svo að höfðatalan væri lægri en árið á undan.

Með breytingu á reiknilíkani fyrir framhaldsskólana var hætt að miða fjárveitingu til skólanna við heimilaðan fjölda ársnemenda og var farið að hafa viðmiðið fjölda nemenda í fullu námi og þar er nemandi í fullu námi skilgreindur sem nemandi sem lýkur 40-60 framhaldsskólaeiningum á ári. Í MS skilar meðalnemandinn hins vegar töluvert fleiri einingum eða 65-66 einingum á ári. Tilraunir skólans til þess að bregðast við breytingum á heimild skólans má sjá í töflu 4 sem sýnir innritunartölur síðustu fimm ára (2015-2019).

Þróun í innritun nýnema að hausti frá 2015–2019.

Ár	Karlar	Konur	Alls
2015	123	132	255
2016	101	129	230
2017	85	106	191
2018	100	109	209
2019	107	127	234

Tafla 4 Þróun í innritun nýnema að hausti árin 2015 til 2019.

Eftir að síðasti hópurinn var útskrifaður úr bekkjarkerfinu hafa allir nemendur skólans fylgt þriggja anna kerfi og þar hafa nemendur verið útskrifaðir þrisvar á ári. Það kerfi auðveldar okkur nokkuð að stilla af nemendafjölda við skólann þar sem möguleiki er einnig á að innrita nemendur við annarskil í hinu nýja kerfi.

Fjöldi nemenda breytist eðlilega nokkuð á skólaárinu. Útskrift er í kjölfar hvefrrar annar og nokkrir eldri nemendur eru innritaðir við upphaf vetrar- og voranna. Í töflu 5 má sjá skiptingu nemenda í MS árið 2019 raðað eftir önnum.

<i>Fjöldi nemenda á vorönn 2019 og haustönn 2019 eftir aldri og kyni.</i>								
<i>Vor 2019</i>			<i>Haust 2019</i>			<i>Vetur 2019</i>		
<i>Fæðingarár:</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Fæðingarár</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Fæðingarár</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>
1998	1	4	1998	1		1998	1	
1999	20	14	1999	7	5	1999	4	4
2000	86	105	2000	29	17	2000	24	11
2001	84	103	2001	84	102	2001	83	102
2002	103	108	2002	102	112	2002	101	112
2003	1		2003	108	126	2003	104	126
			2004		1	2004		1
Fjöldi:	295	334		331	363		317	356
	Alls:	629		Alls:	694		Alls:	673

Tafla 5 Fjöldi nemenda í MS á hverri önn árið 2019 eftir kyni og fæðingarári

Eins og sjá má í töflu 5 voru langflestir nemendur skólans á aldursbilinu 16-19 ára og stúlkur voru heldur fleiri þó svo að kynjahlutföllin hafi verið jafnari í MS en gengur og gerist í framhaldsskólum landsins. Piltar voru ríflega 47% nemenda og stúlkur tæplega 53% nemenda.

Í reglum um inntöku nemenda er ekki kveðið á um “heimasvæði” skóla. Landið allt er eitt innritunarsvæði og aðrir þættir en búseta ráða því hvernig unnið er úr umsóknum um skólavist. Í töflu 6 má sjá úr hvaða póstnúmeri nemendur MS komu árið 2019.

Þó svo að nemendur MS komi frá flestum svæðum landsins koma eðlilega flestir nemendur skólans þó úr Reykjavík og frá nágrennasveitarfélögum þess. Upptökusvæði skólans er þó stórt og nemendur víða af landinu sækjast eftir skólavist í Menntaskólanum við Sund.

Hvaðan koma nemendur (póstnúmer – vor 2019, haust 2019 og vetur 2019)

Póstnúmer	Fjöldi vor 2019	Fjöldi haust 2019	Fjöldi vetur 2019
101	16	13	11
103	5	5	5
104	62	51	49
105	37	39	36
107	6	7	7
108	72	80	79
109	33	34	32
110	64	72	70
111	13	8	8
112	63	76	74
113	36	34	32
116	3	1	1
170	20	19	18
200	36	45	42
201	33	47	47
203	35	45	46
210	9	14	14
220	7	7	7
221	5	7	7
225	1	1	2
240	1	2	2
250		1	1
260		1	1
270	61	69	66
271	2	3	3
276		1	1
300		1	1
301		1	1
320	2	2	1
650		1	
360	1		
800	1		
801		1	
810	2	1	1
815	2	3	3
900		2	2

Tafla 6 Nemendur MS 2019. Raðað eftir póstnúmerum

Námsframboð og skipting nemenda á brautir og námslínur árið 2019

Skólinn er með tvær námsbrautir til stúdentsprófs sem skiptast alls í fjórar ólíkar námslínur.

Félagsfræðibrautin skiptist í félagsfræði- og sögulínu og hagfræði- og stærðfræðilínu og náttúrufræðibrautin skiptist í líffræði- og efnafræðilínu og eðlisfræði- og stærðfræðilínu. Töluvert val er innan hvernar línu og geta nemendur sérsniðið námið í samræmi við eigin þarfir og áhugasvið. Í töflu 7 má sjá skiptingu nemenda MS 2019 á námsbrautir og námslínur raðað eftir önnum:

Skipting á námsbrautir vor 2019					
	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. námsár	36	72	37	67	212
2. námsár	47	67	25	48	187
3. námsár	49	74	22	46	191
4. námsár	11	8	3	11	33
5. námsár	3	2		1	6
				Samtals	629
Skipting á námsbrautir haust 2019					
	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. námsár	33	100	33	68	234
2. námsár	44	72	35	66	217
3. námsár	42	72	24	49	187
4. námsár	12	19	2	10	43
5. námsár	4	3	2	4	13
				Samtals	694
Skipting á námsbrautir vetur 2019					
	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. námsár	32	97	34	68	232
2. námsár	45	70	32	66	213
3. námsár	43	70	23	49	185
4. námsár	10	12	2	7	31
5. námsár	2	2	2	3	9
				Samtals	670

Tafla 7 Skipting nemenda árið 2019 á námsbrautir og námslínur, raðað eftir önnum.

Eins og sést í töflu 7 er hagfræði- og stærðfræðilína félagsfræðabrautar fjölmennust árið 2019. Næst flestir eru á líffræði- efnafræðilínu náttúrufræðibrautarinnar en nokkuð færri eru á hinum tveimur námslínunum (félagsfræði- og sögulínunni og eðlisfræði- og stærðfræðilínunni).

Kennsla námsgreina og hlutfall þeirra í heildarkennslumagni

Þegar kennsla árið 2019 er brotin niður á annir kemur eftirfarandi í ljós;

Vetrarönn 2019

Námsgreinar:	19 kst á viku	23 kst á viku	24 kst á viku	Samtals kst á viku
Danska	36			36
Eðlisfræði			36	36
Efnafræði	27		27	54
Enska*	18		63	81
Listgreinar og menningarfræði		63	45	108
Félagsfræði	18		48	66
Hagfræði og viðskiptagreinar	54	9	18	81
Franska	18		18	36
Íslenska*	18		99	117
Íþróttir	36		12	48
Jarðfræði og landafræði	9		9	18
Líffræði	18		36	54
Lýðræðisvitund	9		18	27
Saga	36	27	9	72
Stærðfræði	36	63	36	135
Umhverfisfræði			27	27
Þýska		9	45	54
Samtals kennslumagn á vetrarönn 2019	333	171	546	1050
Hlutfall kennslu eftir aldri kennara	32%	16%	52%	

Tafla 8 Kennsla á vetrarönn 2019 skipt eftir námsgreinum og með tilliti til afsláttar af kennsluskyldu

Á vetrarönn 2019 er heildarkennslumagnið 1050 kennslustundir á viku en það er nýting upp á 1,57 kennslustund/nemanda.

Almennt er það svo að nýting versnar þegar líður á skólaárið. Bæði er það vegna þess að það fækkar heldur í skólanum, einkum vegna útskrifta en einnig vegna þess að nemendur færa sig á milli skóla. Þá skiptir einnig nokkru að á vorönn þarf stundum að bæta við hópum svo nemendur sem eru í raunverulegu útskriftarfæri ná að klára nám sitt á eðlilegum námshraða. Á vorönn 2019 voru 629 nemendur í skólanum og heildarkennslumagnið var 1088 kennslustundir á viku. Þetta gerir nýtingu upp á 1,72 kennslustundir á viku/nemanda sem er all nokkru lakara en á vetrarönninni og töluvert lakara en við upphaf hvers skólaárs. Í töflu 9 má sjá kennsluskiptingu á vorönn 2019 skipt niður eftir námsgreinum og með tilliti til afsláttar af kennsluskyldu.

Vorönn 2019

Námsgreinar:	19 kst á viku	23 kst á viku	24 kst á viku	Samtals kst á viku
Danska**	39			39
Eðlisfræði			18	18
Efnafræði	27		27	54
Enska*	18		63	81
Listgreinar og menningarfræði		54	63	117
Félagsfræði	36		56	92
Hagfræði og viðskiptagreinar	90	9	18	117
Franska	27		9	36
Íslenska*	36		63	99
Íþróttir	24		24	48
Jarðfræði			18	18
Líffræði	18		45	63
Lýðræðisvitund	9		27	36
Saga	18	27	9	54
Stærðfræði	36	36	63	135
Umhverfisfræði			27	27
Þýska		9	45	54
Samtals kennslumagn á vorönn 2019	378	135	575	1088
Hlutfall kennslu eftir aldri kennara	35%	12%	53%	
* án yndislestur				
** 1 skertur hópur				

Tafla 9 Kennsluskipting vorannar 2019 skipt eftir námsgreinum og með tilliti til kennsluskyldu

Þegar kennsluskipting haustannar 2019 er skoðuð kemur í ljós að nýtingin er eðlilega mjög góð við upphaf hvers skólaárs. Á haustönn 2019 voru 694 nemendur sem hófu nám við skólann. Heildarkennslumagnið þessa önn var 1075 kennslustundir/viku eða tæplega 1,55 kennslustund á viku/nemanda. Tafla 10 sýnir kennsluskiptingu haustannar 2019 skipt á kennslugreinir og með tilliti til afsláttar af kennslu.

Haustönn 2019

Haustönn 2019				
Námsgreinar:	19 kst á viku	23 kst á viku	24 kst á viku	Samtals kst á vik
Danska	36			36
Eðlisfræði			27	27
Efnafræði	27		27	54
Enska*	18		63	81
Listgreinar og menningarfræði		54	54	108
Félagsfræði	27		54	81
Hagfræði og viðskiptagreinar	72	1	18	91
Franska	18		18	36
Íslenska*	27		99	126
Íþróttir	36		12	48
Jarðfræði			18	18
Líffræði	18		45	63
Lýðræðisvitund			27	27
Saga	9	27	9	45
Stærðfræði	36	72	36	144
Umhverfisfræði			27	27
Þýska		18	45	63
Samtals kennslumagn á haustönn 2019	324	172	579	1075
Hlutfall kennslu eftir aldri kennara	30%	16%	54%	
*án yndislestrar				
Við skólaárið þarf að bæta 3 áföngum:				
2 í yndislestri og 1 einum í leiðtogahæfni				

Tafla 10 Kennsluskipting haustanna 2019 skipt eftir námsgreinum og með tilliti til kennsluskyldu

Í töflum 8 til 10 má sjá að vægi þeirra sem njóta aldursafsláttar af kennsluskyldu er á bilinu 30-35% af heildarkennslumagni hvernar annar. Þetta hlutfall er all nokkru lægra en það var fyrir tveimur árum þegar hlutfall þeirra sem njóta afsláttar vegna svonefndrar 60 ára reglu var í heildarkennslumagni yfir 40%. Skýr ummerki eru því um að kynslóðaskipti eru að verða í MS í hópi kennara skólans. Ungt og vel menntað fólk hefur verið að sækja í störf í skólanum og það leiðir svo til breytinga á kennslukostnaði og fjölda stöðugilda í kennslu á bak við hvern nemanda.

Hópanýting

Góð hópanýting er forsenda þess að hægt sé að reka skólann á hagkvæman hátt. Með innleiðingu á þriggja anna kerfinu og upptöku á nýrri skólanámskrá 2015 hefur hópanýting í MS verið alveg sérlega góð og í raun getur hún ekki orðið betri miðað við það námsframboð sem er í skólanum. Í töflu 11 er sýndar meðalhópastærðir eftir greinaflokkum, skipt á annir.

<i>Meðalhópastærðir:</i>	<i>Vor 2019</i>	<i>Haust 2019</i>	<i>Vetur 2019</i>
Allir hópar	23.51	26.4	
án /listgreina	24	27.3	
án /íþrótt	22.71	25.92	
almenn kenntla (25)*	23.4	26.9	25.35
listgreinar (15)	15.42	16.2	16.33
íþróttir (25)	27.93	29.75	30

Tafla 11 Meðalhópastærðir 2019 skipt eftir námsgreinaflokkum og öðnum

Kennslustofur í Menntaskólanum við Sund eru margar hverjar frekar litlar og taka þær að hámarki 24-25 nemendur og þá er þröngt setið. Stærri stofur hafa rými fyrir allt að 30 nemendur en skólinn hefur sjálfur sett hámark á nemendafjölda í einstökum hópum. Í almennri kenntlu var talan 27 en í listgreinum, sem eru með um 10% af kennslumagninu er hámarkstalan 17. Í íþróttunum er annað kerfi í MS og þar hafa hópastærðir verið í kringum 30 nemendur. Þegar tafla 9 er skoðuð sést að meðalfjöldi nemenda var ansi nálægt hámarkinu sem skólinn setti fyrir einstaka hópa. Þrátt fyrir það var passað afar vel upp á það að einstakir hópar yrðu ekki of stórir. Allir hópar voru einfaldlega fullir.

Árangur af markmiðssetningu í stefnumótunarskjali MS

Í stefnumótunarskjali skólans til ráðuneytis eru dregin fram tvö til þrjú markmið í hverjum flokki. Með því að hafa markmiðin fá, skýr og mælanleg er hægt að fylgjast með því hvernig gengur að ná þeim fram og það gefur þá tækifæri til þess að bregðast við hraðar ef í ljós kemur að árangur sé ekki í samræmi við markmið. Fá, en skýr markið, auðvelda skólanum einnig að setja fram aðgerðaáætlun hvers skólaárs og hægara er um vik að fylgjast með því hvort framkvæmdin sé í samræmi við markmiðin og að lokum er auðveldara að fylgjast með því hvort og þá hvenær markmiðum er náð.

Helstu markmið skólans í stefnumótunarskjali til þriggja ára hafa verið að draga úr brotthvarfi, hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi, hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilskyldum tíma, koma á móts við óskir og þarfir nemenda varðandi inntak náms og námshraða, draga úr umhverfisþörfum skólans og tryggja sem besta nýtingu peninga með góðri hópanýtingu.

Umhverfismál

Menntaskólinn við Sund leggur mikla áherslu á mikilvægi umhverfismála og náttúrulæsis. Skólinn er með umhverfisfræði sem skyldunámsgrein fyrir alla nemendur skólans. Skólinn hefur dregið verulega úr orkunotkun. Sorp er flokkað og dregið hefur verulega úr losun þess. Endurnýting og endurvinnsla efna er markviss og skólinn hefur fært grænt bókhald síðan 2015. Þá var skólinn fyrstur allra framhaldsskóla til þess að taka þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri og þannig mætti lengi telja. Árið 2019 var tekin ákvörðun um að taka einnig þátt í grænfánaverkefninu, kolefnissjóður skólans var nýstofnaður og í hann rennur framlag skólans vegna kolefnisjöfnunar námsferða nemenda og starfsfólks. Skólinn hvetur til umhverfisvæns ferðamáta. Aðstaða er fyrir þá sem hjóla eða ganga í skólann. Skólinn keypti á árinu tvö reiðhjól fyrir starfsfólk skólans til frjálsra afnota og settar voru upp á lóð skólans rafhleðslustöðvar fyrir bíla. Unnið var að því að tengja betur nám í umhverfisfræði og aðgerðir skólans í umhverfismálum og viðskiptum skólans hvað varðar rekstarvörur er eingöngu beint til aðila sem selja umhverfisvottaðar vörur. Á árinu 2019 var gert sérstakt átak í því að koma húsgögnum sem ekki hentuðu lengur starfsemi skólans í notkun á ný og skólinn gaf borð og stóla í tvær kennslustofur grunnskóla í okkar nágrenni.

Brotthvarf

Eitt af markmiðum skólans þegar námskrá skólans var innleidd var að draga úr brotthvarfi við skólann. Brotthvarf hafði verið all mikið í MS, líkt og í öðrum skólum, þó svo að það hafi ekki alltaf komið fram í opinberum gögnum. Í bekkjarkerfinu var fjöldi nemenda sem flosnaði upp úr námi á milli skólaára þar sem þeir náðu ekki fullnægjandi árangri til að flytjast á milli skólaára. Með innleiðingu á nýju kerfi var áherslunum breytt. Nemendum var gefinn kostur á að sníða nám sitt að eigin áhugasviði og skipuleggja námið í samræmi við eigin getu og aðstæður hverju sinni. Skólinn sjálfur tók upp afar skilvirkt eftirlitskerfi með nemendum sem taldir voru í brotthvarfshættu þar sem markmiðið var að enginn nemandi yrði skilinn eftir. Ráðinn var sérstakur mætingarstjóri og sett á laggirnar hópur sem hefur það hlutverk að fylgja eftir og hvetja þá nemendur sem virðast vera að missa af lestinni. Samskiptin við foreldraráðið voru aukin á sama tíma all verulega. Allt þetta, í bland við afar nemendavæna námskrá og hvetjandi námsumhverfi hefur orðið til þess að brotthvarf nemenda frá Menntaskólanum við Sund hefur mælst eitt það lægsta á landinu. Afar fátítt er að nýnema hrökklist frá námi og okkur hefur tekist að seinka verulega brotthvarfi eldri nemenda sem hafa verið að spóla í kerfinu. Mennta- og menningarmálaráðuneytið tekur saman gögn yfir brotthvarf nýnema en í Menntaskólanum við Sund hefur verið haldið utan um brotthvarf allra nemenda frá skólanum síðustu 5 árin. Í töflu 12 er sýnt heildarbrotthvarf frá MS árin 2015-2019.

Brotthvarf nemenda haust og vor árin 2015–2019.

Brotthvarf á önn (fjöldi nemenda)

Ár	Vorönn	Haustönn	Vetrarönn
2015	43		
2016	18		1
2017	3	1	3
2018	3	4	3
2019	0	7	

Tafla 12 Heildarbrotthvarf frá MS á árunum 2015 til 2019.

Hin síðustu ár hefur meirihluti þeirra sem horfið hafa frá námi verið eldri nemendur sem eru komnir á sitt fjórða eða fimmta námsár. Brotthvarf nýnema heyrir nánast sögunni til. Eftirlit með þeim sem teljast vera í brotthvarfshættu er stöðugt í MS og sífellt er verið að leita leiða til að styðja betur við nemendur. Skólaárið 2018-2019 var ráðinn sérstakur verkefnastjóri sem hefur umsjón með tvítyngdum nemendum og nemendum með annað móðurmál en íslensku en sá hópur er talinn til áhættuhóps hvað brotthvarf varðar. Með tilkomu þessa verkefnastjóra hefur okkur tekist að ná fyrir til þessa hóps og því höfum við átt auðveldar með að styðja við þau strax frá fyrsta skóladegi sem er afar mikilvægt.

Útskriftarhlutfall

Í stefnumótunarskjali skólans er sett það markmið að hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilskyldum tíma sem og heildina af innritunarárgangi hvers árs. Árið 2019 höfðu 65% innritunarárgangsins 2015 lokið stúdentsprófi frá MS sem er í samræmi við áætlun skólans. Sterkar vísbendingar eru um að þetta hlutfall fari hækkandi. Sem dæmi má nefna að meðalfjöldi stúdenta frá MS frá upphafi er nálægt 150 nemendur á ári en hin síðari ár sem bekkjarkerfið var við lýði var þessi tala lægri. Síðan þriggja anna kerfið var tekið upp hefur þessi tala hækkað verulega þrátt fyrir það að meðalfjöldi nemenda við skólann hafi lækkað. Sem dæmi má nefna að skólaárið 2018-2019 voru alls brautskráðir 179 stúdentar frá skólanum. Enn er það svo að flestir nemendur útskrifast að vori en síðan bætist við all nokkur fjöldi á útskriftum frá skólanum við lok haustannar og vetrarannar. Segja

má að þeir nemendur sem útskrifast inni á skólaárinu séu nemendur sem hafa nýtt sér sveigjanleika kerfisins aðlagð nám sitt og námshraða að aðstæðum sínum. Flestir þessara nemenda hefðu spólað í hinu eldra kerfi. Árið 2019 var útskriftarhlutfall 1999 árgangsins komið í 68% og útskriftarhlutfall 2000 árgangsins var komið í 67%.

Sjálfsmat

Sjálfsmat er fastur hluti af starfsemi MS og þannig hefur það verið frá árinu 1997. Gerð er grein fyrir sjálfsmati við MS í sjálfsmatsskýrslu skólans en í töflu 13 hér að neðan má sá yfirlit yfir helstu sjálfsmatsaðgerðir skólans eins og þær eru skipulagðar í sjálfsmatsáætlun skólans.

Sjálfsmatsþáttur	Haustönn 2019	Vetrarönn 2019	Vorönn 2020	Haustönn 2020	Vetrarönn 2020	Vorönn 2021	Haustönn 2021	Vetrarönn 2021	Vorönn 2022
Aðgerðaáætlun skólans									
Sjálfsmatsáætlun skólaárs									
Nemendakönnun									
Eftirlit með brottvarfi og mætingu									
Starfsmannviðtöl rektors við kennara									
Starfsmannakönnun									
Hugmyndabanki á Námsneti									
Mat á stjórnendum									
Tölfræði um námsárangur nemenda									
Starfendarannsóknir									
Fundur sjálfsmatshóps með tenglum nemenda									
Rýnihópur nemenda um nám í MS									
Fundur stjórnenda, fagstjóra og kennara faggreina									
Starfshópar um þróun skólastarfs									
Almenn þjónustukönnun									

Tafla 13 Sjálfsmatsþættir í MS eins og þær eru settir fram í sjálfsmatsskýrslu skólans

Ytri úttekt var gerð á sjálfsmati í skólanum og niðurstöður þeirrar úttektar sem og niðurstöður innra sjálfsmats MS eru síðan nýttar til þess að setja fram tímasetta aðgerðaáætlun um umbætur í skólastarfinu.

Fjárhagsleg afkoma og ársreikningur

Hins síðustu ár hefur rekstur Menntaskólans við Sund verið í járnnum þrátt fyrir mikið aðhald í rekstrinum og sérlega góða hópanýtingu sem lækkað hefur kennslukostnað umtalsvert. Launakostnaður er hlutfallslega hár í skólanum þar sem aðhald og niðurskurður á öðrum rekstrarliðum hefur verið mikill. Sem dæmi þá hefur skólanum tekist að lækka orkukostnað umtalsvert með minni notkun bæði á rafmagni og heitu vatni. Dregið hefur verið verulega úr pappírnotkun og kostnaði við þrif hefur verið haldið í skefjum þrátt fyrir mun stærra húsnæði eftir að byggðir voru rúmlega 2800 fermetrar við skólann. Dregið hefur verið úr sorplosun og eignamyndun vegna kaupa á tækjum og tólum hefur verið lítil.

Ástæður fyrir erfiðri rekstrarstöðu skólans eru fjölþættar og ná aftur til þess tíma þegar byggingarframkvæmdir stóðu við skólann á árunum 2013-2015. Kostnaður skólans við að leigja aðstöðu í Faxafeni 10 á meðan framkvæmdir stóðu við nýbyggingu skólans var aldrei bættur að fullu og reiknast til að þar vanti allt að 30 milljónir upp á að svo hafi verið. Ástæður erfiðs rekstrar hin síðari ár eru einkum þessar:

1. Skuld safnaðist upp þegar nýtt kerfi var tekið í notkun vegna þess að skilvirkni kerfisins var meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Heimild skólans miðaðist við ákveðinn ársnemendafjölda en í nýju kerfi var hver nemandi að skila fleiri einingum en fékkst greitt fyrir. Þetta leiddi til þess að heildarfjöldi ársnemenda við skólann var 80-90 umfram heimild þrátt fyrir að nemendum við skólann hafði ekki fjölgað. Skólinn fékk ekki greitt fyrir þessa kennslu sem sannarlega fór fram.

2. Menntaskólinn við Sund hefur árum saman þurft að búa við afar alvarleg langvarandi veikindi sem ekki er lengur tekið tillit til við fjárveitingar. Viðbótarkostnaður vegna þessa hefur skipt tugum milljóna á hverju ári. Árið 2019 var þessi kostnaður til dæmis um 22,8 milljónir króna.
3. Um 10% af kennslumagni í MS er í listgreinum þar sem hópaviðmið eru lægri og kennslukostnaður/nemanda er því um 40% hærra en í almennri kennslu. Árlegur viðbótarkostnaður skólans vegna þessa nemur um 4% af launakostnaði við kennslu eða um 2,8% af rekstrarkostnaði skólans hverju sinni. Nám í listgreinum er hluti af skyldunámi allra nemenda í MS en þar sem listgreinakennslan er ekki bundin á sérstakri listgreinabraut hefur skólinn ekki fengið greitt á sambærilegan hátt fyrir þessa kennslu og þeir skólar sem binda kennslu í skapandi greinum eingöngu við nemendur á tilteknum listgreinabrautum. Árlegur aukakostnaður MS vegna þessa hleypur á tugum milljóna á hverju ári og engin leið er að komast hjá þessum kostnaði þar sem þetta er hluti af skyldunámi í MS.

Í rekstraráætlun skólans vegna 2019 var gert ráð fyrir jafnvægi í rekstrinum og uppgreiðslu á hluta af uppsöfnuðum halla. Sú áætlun stóðst í meginatriðum en áframhaldandi ófyrirséð langvarandi veikindi settu þó strik í reikninginn. Kostnaður vegna þeirra árið 2019 var um 22,8 milljónir króna en þá upphæð var ekki hægt að sjá fyrir við gerð rekstraráætlunar skólans.

Menntaskólinn við Sund hefur alla burði til þess að verða rekstrarlega samkeppnisfær. Skólinn nýtir afar vel fjármuni þá sem honum er treyst fyrir. Nýting er frábær og aðhald á öllum rekstrarliðum.

Vandamál skólans eru hins vegar til staðar og þau eru í raun tvíþætt:

1. Tímabundin vandamál sem tengjast alvarlegum langvarandi veikindum starfsfólks.
2. Varanleg vandamál (að því er virðist) sem tengjast góðum árangri skólans þegar kemur að námsárangri nemenda og áherslum skólans, og ráðuneytis, að styðja við skapandi greinar.

Skólinn hefur engin úrræði þegar upp koma langvarandi veikindi. Það verður að útvega afleysingu fyrir þá sem eru alvarlega veikir og sá launakostnaður leggst ofan á þann kostnað sem fyrir var. Skólinn ræður alveg við að takast á við svona aðstæður í afmarkaðan tíma en þegar þessi kostnaður hleypur á tugum milljóna ár eftir ár er erfiðara að ráða við þetta

Varanlegu vandamálin eru alvarlegri. Þegar bekkjarkerfið var og framlög til framhaldsskóla miðuðust við ákveðinn ársnemendafjölda reyndist skólanum tiltölulega auðvelt að stilla fjölda nemenda af miðað við fjárheimild hverju sinni. Með innleiðingu á námskrá skólans og upptöku á þriggja anna kerfinu breyttist staðan. Árangur nemenda varð betri en við bjuggumst við. Það dró hratt úr brotthvarfi og nemendur skólans stóðu sig betur í náminu en hægt var að sjá fyrir. Allt í einu var komin upp sú staða að sami nemendafjöldi var að skila töluvert fleiri námseiningum að meðaltali en áður og töluvert fleiri einingum en fjárveiting með hverjum nemanda í nýju reiknilíkani gerir ráð fyrir. Þar miðast greiðslur við nemendur í fullu námi en þar er nemandi í fullu námi að ljúka 40 til 60 framhaldsskólaeiningum á ári. Í MS er meðalfjöldinn hins vegar um 65 einingar á ári. Það er því frekar ójöfn staða að þurfa að skipuleggja kennslu sem miðast við að nemendur ljúki að meðaltali 65 einingum á ári eða að vera með skóla þar sem meðaleiningafjöldinn er nálægt lágmarkinu eða um 40 einingar á ári. Mismunurinn getur því verið um 33% hvað varðar hærra kennslukostnað við kennslu nemanda á sömu braut. Ósk skólans er að greiðslur taki mið af þeim einingafjölda sem nemendur ljúka því þannig þarf að skipuleggja kennsluna.

Hinn þátturinn sem telst til “varanlegra” vandamála hvað varðar rekstur MS er kostnaður skólans af listgreinakennslunni. Sá kostnaður er óumflýjanlegur þar sem námið er hluti af skyldunámi nemenda og útreikningar á vinnumati, sem samþykktir eru miðlægt, leiða til um 40% hærri kennslukostnaðar slíks áfanga miðað við hefðbundna kennslu á bóknámsbraut. Stöðugur halli upp á 4% í kennslukostnaði er of mikið fyrir MS. Óskin er því að greitt verði fyrir listgreinakennslu í MS með sama hætti og gert er fyrir listgreinakennslu í öðrum skólum þar sem sú kennsla er bundin ákveðinni braut. Listgreinakennsla í MS, sem hluti af skyldunámi nemenda, er leið skólans til að koma á mótis við markmið ráðuneytis að efla veg listgreina og annarra skapandi greina. Skólinn telur því eðlilegt að leið hans til að framfylgja markmiðum ráðuneytisins leiði ekki sjálfkrafa til rekstrarerfiðleika skólans.

Lokaorð

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir afmörkuðum þáttum í starfsemi Menntaskólans við Sund. Skólinn hefur, eins og gert hefur verið grein fyrir í fyrri ársskýrslum, gengið í gegnum viðamiklar breytingar á starfsemi sinni. Námskrá skólans, sem býður nemendum upp á möguleika á að sérsníða nám sitt að eigin áhugasviði og aðstæðum ásamt sérhönnuðu þriggja anna kerfi þar sem áherslan er á virkni nemandans og mælingar á námi, námsframvindu og námsmati ganga út frá jafnri og stöðugri vinnu nemandans frekar en getu hans til að standa sig á lokaprófi við lok anna eða skólaárs. Hinn nýji skóli er mikil breyting frá því sem var og áherslur skólans eru byggðar á stefnu ráðuneytisins í menntamálum. Námskrá skólans og kerfið sem sniðið er utan um skólastarfið eru gerð þannig að þeim er ætlað að geta aðlagast að breytingum sem kunna að verða á þjóðfélaginu.

Menntaskólinn við Sund nýtur þess að hafa á að skipa úrvals starfsfólki sem hefur margsýnt getu sína til að takast á við ögranir og breytingar sem óhjákvæmilega verða. Stuðningur mennta- og menningarmálaráðuneytis við breytingar á skólastarfi í MS hefur reynst okkur afar mikilvægur og fyrir hann erum við þakklát. Enn er þó þörf á að slípa hið miðlæga kerfi betur svo ekki verði þannig til langframa að jákvæðar breytingar á skólastarfi, þar sem unnið er markvisst að því að framfylgja markmiðum í menntamálum með sem hagkvæmustum hætti, leiði sjálfkrafa til rekstrarvandæða skólans. Þó er það þannig að hinir jákvæðu hlutir eru mun meira áberandi og árið 2019 var skólanum gott. Skólinn fagnaði 50 ára afmæli með stolti og við vorum afar þakklát Lilju Dögg Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra og Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra fyrir þá virðingu sem þær sýndu skólanum á afmælisdegi hans þann 1. október 2019.

Virðingarfyllst,


Már Vilhjálmsson rektor Menntaskólans við Sund

